

Fimmtudaginn 3. ágúst 1989.

Nr. 298/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Þorláki Gesti Hálfðánarsyni Jensen.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 31. júlí. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms Akraness 18. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 6. júlí og að sæta geðheilbrigðisrannsókn. Skýrsla um rannsókn þessa er dagsett 19. júlí 1989 og barst ríkissaksóknara með bréfi bæjarfógetans á Akranesi, dagsettu 25. júlí. Rannsóknarskýrsla þessi hefur verið lögð fyrir Hæstarétt, en lá ekki fyrir sakadómi Reykjavíkur, er hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Ber nú með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1989.

Málavextir.

Að morgni laugardags 17. júní sl. kom Guðni Óskar Jensen á lögreglustöðina á Akranesi. Guðni var blóðugur á hálsi og bringu og greindi svo frá, að bróðir sinn hefði stungið sig með hnífi, þar sem þeir voru staddir

í íbúð að Deildartúni 4 þar í bæ. Við rannsókn á sjúkrahúsi kom í ljós, að Guðni hafði orðið fyrir hnífstungu í brjóst, og gekk stungan í annað lungað. Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar Guðni, að ákærði hefði veist að sér og Sigrúnu Jónsdóttur, þar sem þau voru sofandi í svefnherbergi íbúðarinnar að Deildartúni 4, Akranesi. Guðni kvað ákærða hafa heimtað peninga af þeim Sigrúnu og verið mjög æstur. Guðni bar síðar um átök milli þeirra bræðra og kvaðst hafa lagst á bakið í rúmið í þeirri von, að ákærði róaðist. Guðni kvaðst hafa legið á bakinu með lokuð augu, þegar hann fékk skyndilega hnífstungu í brjostið. Guðni kvaðst ekki hafa séð, hvernig ákærði bar sig við hnífstunguna, þar sem ákærði hefði verið búinn að taka gleraugun af sér (Guðna).

Sigrún Jónsdóttir hefur borið á sama veg og Guðni um það, er ákærði veittist að þeim í svefnherbergi íbúðarinnar að Deildartúni 4, Akranesi, vopnaður hnifi, og heimtaði peninga. Sigrún kvað ákærða hafa skorið Guðna í hálsinn, er Guðni sagðist ekki hafa peninga undir höndum. Sigrún kvað ákærða ekki hafa trúað Guðna og þá sett hnífinn að hálsi sér (Sigrúnu) og stungið og skorið, og hefði verið gert að sárnum sínum á sjúkrahúsinu á Akranesi.

Framburður ákærða er nokkuð á reiki, en við yfirheyrslu hér fyrir dómnum í gær viðurkenndi ákærði að hafa veist með hnifi að þeim Guðna og Sigrúnu, þar sem þau sváfu í húsinu nr. 4 við Deildartún á Akranesi, aðfaranótt 17. júní sl. Ákærði kvað stungusár á Guðna hafa komið, er ákærði lenti í áflogum við Guðna, og var ákærði þá vopnaður hnifi. Þá kvað ákærði áverkann á Sigrúnu hafa komið, er ákærði kippti að sér hendi, eftir að Guðni reyndi að taka í hönd ákærða.

Vegna ofangreindrar ætlaðrar háttsemi ákærða hefur dómnum nú borist ákæra á hendur honum vegna ætlaðra brota gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Vegna ofangreindrar ætlaðrar háttsemi ákærða gerir ríkissaksóknari þá kröfu með bréfi, dags. 25. júlí sl., sem barst dómnum í gærðag ásamt ákærinni og gögnum þeim, er málatilbúnaður byggist á, að ákærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 1. október nk., og vísar ríkissaksóknari til heimildar í 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 vegna kröfu sinnar. Ákærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 7. júlí sl., gert að sæta gæsluvarðhaldi, og rann það gæsluvarðhald út kl. 16.00 í gærðag.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, er ákærða gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en brot gegn þessu lagaákvæði getur varðað allt að 16 ára fangelsi.

Svo sem rakið hefur verið, er rannsókn málsins að hefjast hér fyrir dómi samkvæmt ákæru, dags. 25. þ.m.

Með vísan til hinnar stórhættulegu og, að því er virðist, tilefnislausu árásar ákærða á þau Sigrúnu og Guðna, sem bæði höfðu gengið til náða, og svo sem háttsemi ákærða er lýst í ákærunni og með vísan til málavaxta að öðru leyti, þykir rétt að verða við kröfu ríkissaksóknara og gera ákærða að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til kl. 16.00 1. október nk., og vísast til 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í þessu sambandi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfðánarson Jensen, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til kl. 16.00 1. október nk.
